
Fornleifaskráning og könnunarskurðir vegna framkvæmda í norðurtúni Reykhóla, Austur-Barðastrandarsýslu



Guðrún Alda Gísladóttir

Reykjavík 2016

FS619-16191

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Forsíðumyndin er af framkvæmdasvæðinu. Horft til suðausturs.
Ljósmyndina tók Guðrún Alda Gísladóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is


Heimasíða: www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

	Samantekt	5
1	Inngangur.....	7
2	Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	8
3	Aðferðir við fornleifaskráningu.....	10
4	Aðferðir við fornleifauppgröft	11
5	Framkvæmd.....	12
	BA-029:054 Tóft Útihús	17
	Könnunarskurðir í tóft BA-029:054	18
	BA-029:055 þúst óþekkt	23
	BA-029:056 Garðlag óþekkt.....	24
6	Niðurstöður	25
7	Heimildaskrá	27

SAMANTEKT

Hér eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar á hluta norðurtúns Reykhóla í Reykhólasveit, Austur-Barðastrandarsýslu, auk könnunarskurða í tóft sem þar er, rétt norðan Dvalaheimilisins Barmahlíðar. Rannsóknin er unnin vegna framkvæmda á svæðinu við dvalarheimilið. Vettvangsvinna fór fram í ágúst 2016 að beiðni Reykhólahrepps og skýrsla unnin í kjölfarið. Innan þessa svæðis voru skráðir þrír staðir sem allir eru skilgreindir í stórhættu vegna framkvæmda.



Mynd 1 Staðsetning rannsóknarsvæðis.

1 INNGANGUR

Í bréfi frá Minjastofnun Íslands dagsettu þann 15. júlí 2016 til Reykhólahrepps fer stofnunin fram á að skipulagssvæði vegna framkvæmda á Reykhólum sé fornleifaskráð og að tóft norðan við Dvalarheimilið Barmahlíð sé rannsökuð áður en frekari vinna fari fram á svæðinu.¹ Í framhaldi fól Reykhólahreppur Fornleifstofnun Íslands ses verkið og hafði Guðrún Alda Gísladóttir fornleifafræðingur umsjón með því.

Þriðjudaginn 2. ágúst hittust Hjalti Hafþórsson, umsjónarmaður fasteigna í Reykhólahreppi, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps, Einar Ísaksson minjavörður Vestfjarða og Guðrún Alda, á vettvangi. Gengið var um svæðið og í framhaldi ákveðið hvernig verkið skyldi útfært.

Minjavörður gaf í kjölfarið nánari fyrirmæli hvernig rannsóknin skyldi útfærð: 1. Að hluti norðurtúns Reykhólajarðar skyldi fornleifaskráð vegna framkvæmdanna: Norður frá kirkjugarði milli gatnanna Karlseyjarveggar og Hellisbrautar og að vegamótum þeirra. 2. Að grafnir yrðu tveir skurðir í tóft rétt norðan dvalarheimilisins til að a) kanna ástand og umfang tóftar og b) kanna hlutverk og mögulega eldri byggingarstig.

Vettvangsvinna fór fram dagana 2.-3. ágúst, skurðir voru vélgrafnir og gröfumaður var Brynjólfur Víðir Smáráson. Minjar í túni voru mældar upp með með gps stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 sem fengið var að láni hjá Minjastofnun Íslands. Rannsóknarnúmer verksins úthlutað af Þjóðminjasafni Íslands er 2016-61. Bestu þakkir til heimildamanna og þeirra er lögðu verkefninu lið.

¹ Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 15. júlí 2016 MÍ 201607-0039/6.01/E.í.

2 SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3 AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU

Allar fornleifar sem fundust á athugunarsvæðinu, innan helgunarsvæða mannvirkja, eru skilgreindar „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að líklegt sé að sumum minjanna sé hægt að hlífa með réttum aðgerðum. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða en það er Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi þeirra og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á fornleifar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisáðgerða gæti þurft að grípa.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er



við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BA-029:001).

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stilling er ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávík frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús,

Þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4 AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFAUPPGRÖFT

Skurðirnir voru skráðir með flatarteikningu, sniðteikningu og ljósmyndum. Skráning mannvistarlaga var látin fylgja svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands. Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining fær númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrftar í rituðu máli er vísað í númer eininga. Engir gripir fundust við uppgröftinn og engin sýni voru tekin.

5 FRAMKVÆMD

Reykhólar eru fornt höfuðból og víða getið í fornritum og öðrum heimildum frá miðöldum og síðar. Kirkja hefur að líkindum verið á staðnum frá upphafi kristni á Íslandi² en stórbrotin saga staðarins mun ekki rakin hér en ítrekað að umsvif hafa verið þarna mikil frá öndverðu – og fram á þennan dag.

Bæjarstæðið er á stórum hól sem er áberandi í landslaginu. Aflíðandi brekka er af hólnum til norðurs en brattara til annarra átta. Kirkjugarðurinn sem hefur verið stækkaður á undanförunum árum nær núna að hluta upp á bæjarhólinn. Landslagið á þeim reit sem hér er til umfjöllunar hallar mót norðri ofan/norðan kirkjugarðs en sléttlendi er vestan og norðan Dvalarheimilisins: Sléttur túnvöllur og misfellur áberandi. Heimildir (s.s. örnefnaskrár og túnakort sem eru frá 20. öld) geta ekki mannvirkja á þessum slóðum þó með þeirri undantekningu að hjáleigan Götutótt er merkt inn á kort frá 1911 en erfitt er að staðsetja hana nákvæmlega (sjá umfjöllun hér að neðan, mynd 3). Heimildaleysi útilokar þó ekki að eldri mannvirki hafi verið þarna, enda túnin þeir staðir sem geyma flestar minjar.

Á mynd 2 má sjá hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum³ sem sennilega var tekin árið 2004 fremur en 2006 en þess má geta að miklar breytingar hafa orðið á svæðinu síðan þá (sjá mynd 4). Rauða brotalínan afmarkar það svæði sem til athugunar var í ágúst 2016. Svarta línan er túnakort Reykhólajarðar⁴ eins og túnið var árið 1920 ásamt bæjarhúsum, útihúsum, kirkju og matjurtgörðum. Túnakortin voru mæld upp í kvarðanum 1:2000 og hér hefur Reykhólakortið verið felld að hnitsettri loftmyndinni. Eins og vænta má hafa orðið talsverðar breytingar á tæplega öld en þó einnig merkilegt að sjá hvernig hið eldra skipulag hefur áhrif á hvernig þéttbýlið hefur þróast.

² T.d. ÍF VI, 124; DI XII 12.


³ Loftmyndir ehf. Myndin er fengin frá Reykhólahreppi.

⁴ Túnakort af Reykhólum 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.



Mynd 3 Svæðið sem var fornleifaskráð á Reykhólum í ágústbyrjun 2016 er afmarkað rauðri brotalínu. Túnakort frá 1920 er afmarkað með svartri brotalínu. Bæjarhús og kirkja eru rauð, útihús eru blá og matjurtagarðar ófylltir en afmarkaðir svartri línu. Þeir þrír staðir sem skráðir voru eru grænritaðir.

Upp úr 1900 hófust mælingar til kortagerðar á Íslandi á vegum danska hermálaráðuneytisins. Mælingarnar stóðu yfir í 27 sumur á árunum 1900-1940⁵ og árið 1911 var mælt í Austur-Barðastrandarsýslu. Frá því sumri er til kort⁶ í mælikvarðanum 1:100 000 og sést lítil hluti þess korts á mynd 3. Hefur það verið klippt til að gagnast þessu verkefni sem best og sýnir svæði Reykhóla. Götutóttin nr. 87 er sýnd í norðurtúni Reykhóla.



⁵ Landmælingar Íslands. Skoðað í ágúst 2016, slóðin er: <http://www.lmi.is/um-lmi/saga-landmaelinga-islands/>

⁶ Landmælingar Íslands. Skoðað í ágúst 2016, slóðin er: http://atlas.lmi.is/islandskort-dana/atlaskort_teikningar/1911-4-31.jpg




Mynd 5 Loftmynd Árna Geirssonar af Reykhólum, tekin 19. apríl 2008. Hér má sjá að vinna við fótboltavöll austan kirkjugarðs er hafin. Birnulundur er áberandi syðst á tóftasvæðinu, norðan Dvalarheimilisins Barmahlíðar. Garðlagið vestur frá tóftinni sést einnig vel. Horft til suðvesturs.

Gríðarmiklar breytingar hafa orðið í Reykhólatúninu frá því loftmyndin sem sýnd er á mynd 2 var tekin. Það sést glögg á mynd Árna Geirssonar⁷ sem tekin var árið 2008 (sjá mynd 4). Mestu munar um framkvæmdir við fótboltavöll sem nú er fullgerður árið 2016 á Bogavelli.

⁷ Alta ehf: [www.alta.is](http://loftmyndir.alta.is/?m=39456b1a54aaf0aca4b23c7ce43a74f4). Slóðin er: <http://loftmyndir.alta.is/?m=39456b1a54aaf0aca4b23c7ce43a74f4>

Á því svæði sem fornleifaskráð var á Reykhólum í ágústbyrjun 2016 voru skráðir þrír staðir sem bera númerin BA-029:054, BA-029:055 og BA-029:056 í skráningarkerfi Fornleifastofnunar. Hér á eftir koma upplýsingar um þá í númeraröð og um könnunarskurðina sem grafnir voru í tóft 054.





Mynd 7 Tóftin BA-029:054 er upp af göngustígnum, iðagræn. Birnulundur og uppfylling vinstra megin. Horft til norðurs.

Um það bil 16 metrum norðan við Dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum er tóft sem snýr NNV-SSA, er á yfirborði um 26 metra löng og um 7 metra breið að utanmáli. Tóftin er gróin og áberandi í túninu og er form hennar skýrt og sýnir þrískipt hús en fjórða og nyrsta húsið kom í ljós við könnunarskurð 1.

Ekki er ljóst hversu stór tóftin var upphaflega þar sem suðurhluti hennar er raskaður, þar er Birnulundur.⁸ Í tengslum við framkvæmdir sem nú fara fram í umhverfi Dvalarheimilisins

Barmahlíðar hafa verið gerð jarðvegsskipti við og í lundinum og lagður göngustígur við tóftina austanverða. Um 26 metrar eru frá mörkum tóftarinnar í norðri að norðurmörkum Birnulundar en um 43 metrar frá mörkum tóftarinnar í norðri og að suðurmörkum Birnulundar. Könnunarskurður 1 leiddi í ljós að tóftin er a.m.k. 32 metra löng en ekki er vitað hver er heildarstærð hennar þar sem upplýsingar vantar um suðurendann.

Lýsing: Hús A er nyrst. Það er garðafjórðing um 8,6x3 metrar að innanmáli. Jata er í miðju og garðar sitthvoru megin við hana. Op er á húsinu nyrst á vesturvegg en á miðjum suðurvegg húss A er innangengt í hús B. Hús B skiptist í tvö opin hólf sem eru svipuð að stærð eða um 2 metrar á lengd (norður-suður) og um 3 metra breitt að innanmáli. Samtals telst hús B vera um 5x3 m að innanmáli. Hús C er suður af húsi B og er innangengt á milli þeirra. Hús þetta er raskað syðst en á yfirborði er lengd þess a.m.k. 6 metrar og breiddin 3 metrar.

Birnulundur er að hluta yfir húsi C og alveg yfir húsi D, sem kom í ljós þegar könnunarskurður 1 var grafinn. Hús D er hér talið vera hlaða vegna lífrænna jarðlaga sem þar fundust og engin merki t.d. jötu sást. Ekki er vitað hvar skiptingin er á milli húss C og D, en hús D er a.m.k. 4,5 m á lengd. Ekki er vitað hver heildarlengd hússins var en lengd þess er a.m.k. 32 metrar frá húsi A í norðri og að minjum í skurði 1. Hæð veggja er mest um 0,4 metrar en hæð rústahólsins ásamt rústum um 1 metri.

Þegar fornleifaskráning fór fram voru framkvæmdir hafnar við Birnulund og göngustígur sá er sést á mynd 4 verið lagður við austurhlíð tóftarinnar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

⁸ Í Birnulundi eru hleðslur/skjólgarður eftir Birnu E. Norðdahl sem bjó á dvalarheimilinu Barmahlíð síðustu árin en hún lést árið 2004. Sjá: http://www.reykholar.is/frettir/Minningarmot_Birnu_E_Norrdahl_a_Reykholum/

Könnunarskurðir í tóft BA-029:054

Í tóftina voru grafnir 3 könnunarskurðir. Fer lýsing þeirra hér á eftir.

Könnunarskurður 1

Könnunarskurður 1 var grafinn sunnarlega á tóftasvæðinu (í norðurhluta Birnulundar) í hús D. Markmið með skurðinum var að kanna hvort tóftin næði svo langt í suður og ef svo væri hvernig varðveisla hennar væri. Skurðurinn var vélgrafinn, lengd hans var um 9,5 metrar í austur-vestur og náði yfir tóftina þvera, breidd skurðar var 0,8 metrar. Mesta dýpt var um 0,7 metrar frá yfirborði. Jarðvegsskipti höfðu verið gerð og er grús niður að þeim veggjabrotum sem fundust. Veggirnir eru grjóthlaðnir að utan og innan og fylltir á milli með torfi og mold. Þeir veggir sem í ljós komu virðast standast á við þá a) veggj sem sýnilegir eru á yfirborði og b) þá veggj sem eru í könnunarskurðum 2 og 3, sjá umfjöllun hér að neðan). Austurveggur var mjög skýr en vesturveggur mun ógreinilegri og virðist hafa verið ýtt út til vesturs. Þau jarðlög sem höfðu safnast upp milli veggja og lágu upp að þeim eru lífræn, gráleit og svartleit og brotna í flögum. Hér túlkuð sem heyleifar og stungið upp á að hús þetta hafi verið hlaða. Engin skipting svo sem innveggir, jata eða þviumlíkt kom í ljós í skurðinum. Svo virðist sem veggirnir hafi verið byggðir ofan á jökulleir og aðeins sáust merki eins byggingarstigs í skurðinum.




Mynd 8. Horft til norðurs yfir útihúsatóftina BA-029:054. Á myndinni er verið að vinna í könnunarskurði 2.



Mynd 9. Mynd til vinstri: Könnunarskurður 1, horft til vesturs. Mynd til hægri: Könnunarskurður 1 nær. Mölin ofan á fornleifunum sést vel. Verið að vinna við skrásetningu skurðar 2. Horft til norðausturs.

Tafla 1 Skrá yfir jarðlög í könnunarskurði 1:

Staður/rannsóknarnr.	Könnunarskurður nr	Jarðlag nr	Lýsing jarðlag í könnunarskurði 1 í hús D.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	1	Yfirborð: Möl/grús undir Birnulundi. Er yfir öllu svæði skurðarins – og kringum hann. Mest um 0,5 m þykkt.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	2	Jarðlag innan húss sem hefur myndast eftir að hætt var að nota húsið. Rauðleitt torf með svörtum leirkenndum lögum. Torfhrun? Þakhrun?
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	3	Torfhrun utandyr. Mörk jarðlaga 1 og 3 eru óljós þar sem yfirborðið er talsvert raskað.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	4	Austurveggur. Hlaðinn úr torfi og grjóti. Eitt umfar hleðslunnar eftir á sínum stað <i>in situ</i> .
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	5	Vesturveggur. Hlaðinn úr torfi og grjóti. Tvö umför hleðslu austantil <i>in situ</i> . Veggnum hefur verið ýtt út til vesturs og er grjót úr honum þar sjáanlegt. Mörk jarðlaga 1 og 5 er óglögg sérstaklega vestantil.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	6	Innan húss. Lagskipt lög söfnuðust upp á notkunartíma hússins, en eru ekki samfelld veggja í milli. Þau leggjast upp að veggjum beggja megin. Jarðlög þessi eru öll skráð saman og eru lífræn, ljósgrá-hvítleit og svartleit til skiptis sem sum hver brotna í flögum. Talið vera niðurbrotið hey. Á einum stað fannst örlítill kolamoli.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	7	Jökulruðningur, náttúrulegt. Veggir byggðir ofan á þetta lag.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	8	Torfhrun úr vesturvegg.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	1	9	Torfrusl utanhúss að vestan. Blandað rauðbrúnni og svarbrúnni mold.



Mynd 10

Flatarteikning (efri) og sniðteikning (neðri) af könnunarskurði 1. Vinstri er austur ← hægri er vestur.

Könnunarskurður 2


Könnunarskurður 2 var grafinn norðan við miðja tóftina, norðarlega í húsi C þar sem tóftin var skýr og virtist óröskuð. Markmið með skurðinum var að kanna hvort eldri byggingarstig væri að finna undir þeirri tóft sem sýnileg er á yfirborði (umfang og eðli tóftarinnar). Á yfirborði virðist hús C vera garðafjórðing með jötu í miðju en þó eru minjarnar ekki eins skýrar og fjórðingstóft A. Vélgrafinn var um 5 metra langur skurður frá u.þ.b. miðju hússins og til austurs útyfir austurvegg. Breidd skurðar var um 0,8 metrar. Líkt og yfirborð gaf til kynna var skipting um miðja tóftina, hleðsla úr torfi og grjóti en þó úr lagi gengin. Er þetta mannvirki hér talið vera jata. Austurveggur var byggður líkt og veggir sem sáust í könnunarskurði 1, úr torfi og grjóti. Ekki var að sjá að göngustígsframkvæmdir hefðu snert mannvistarleifarar. Jarðlög í þessu húsi voru einsleit, efst torf og mold ef til vill þakhrun eða uppfylling eftir að hætt var að nota húsin, en þar undir milli 'jötu' og austurveggjar þurr lífræn lög en lítill munur á þessum lögum (númer 13 og 14 á sniðteikningu). Eitt umfar af grjóthleðslu er eftir í vesturhluta austurveggis en að minnsta kosti tvö í austurhluta veggjarins. Austurveggurinn er eitthvað úr lagi genginn, hleðsluraðir með sléttar brúnir og hvassa enda eru þar sitt á hvað. Ef til vill er þetta eldra byggingarstig en neðstu steinarnir sitja í jökulleir líkt og í könnunarskurði 1. Þá var grafin lítil könnunarhola í miðja tóftina niður í óhreyfð jarðlög (jökulleir). Hleðslugrjót sem situr í jökulleir sást í holunni og er það vísbending um annað byggingarstig. Um það bil 30 cm munur er á neðstu steinum í austurhluta austurveggjar og neðstu steinaröð í vesturhluta austurveggjar. Er það einnig vísbending um að húsið hafi undirgengist breytingar. Engin kol, móaska eða önnur eldsmerki fundust í skurðinum.



Mynd 11 Könnunarskurður 2. Til vinstri: Horft yfir skurðinn til austurs. Til hægri: Austurveggur, austur (utanhúss) er til vinstri og vestur (innan húss) til hægri.

Tafla 2 Skrá yfir jarðlög í könnunarskurði 2

Staður/rannsóknarnr.	Könnunarskurður nr	Jarðlag nr	Lýsing jarðlag í könnunarskurði 1 í hús D.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	1	Grasrót – yfirborð
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	10	Gróðurmold, áfok með torfrusli, einsleitt
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	11	Gróðurmold, áfok með torfrusli, einsleitt
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	12	Torfhrun.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	13	Torf, mjög lagskipt. Ef til vill þakhrun?
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	14	Innan húss. Torf og lífræn lög en þurr og lítill munur á lagi 13 og 14.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	15	Leirkennd mold, svartleit og rauðleit, lík þeirri sem er neðst í könnunarskurði 1.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	16	Jata? Bálkur eða veggur úr torfi og grjóti. Úr lagi gengið.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	17	Torfrusl utanhúss að vestan. Blandað rauðbrúnni og svarbrúnni mold.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	18	Jökulleir, gróf og malarblönduð. Sama og 19 og 7.
Reykhólar: RHÓ 2016-61	2	19	Jökulleir, gróf og malarblönduð. Sama og 18 og 7.



Könnunarskurður 3

Könnunarskurður 3 var grafinn fyrstur en fékk þó númerið 3. Hann er á milli skurðar 1 og 2, vestanmegin yfir vesturvegg. Það svæði er innan Birnulundar og þar er tóftin hulin með mól. Ákveðið var að moka mölinni frá til að athuga hvort jarðvegsskipti hefðu farið fram á þessum stað. Veggur sást rétt undir sverði og því ljóst að yfirborðið hafi verið hulið mól en tóftin ekki skemmd og var þá ekki gert meira þarna og næsti könnunarskurður (kallaður 1), grafinn sunnar.

BA-029:055 ÞÚST ÓÞEKKT

351548, 553984

Í túninu, um það bil 50 metra norðvestur af dvalarheimilinu, rétt um 5 metrum vestan við tóft BA-029:054 er þúst eða hryggur í sléttu túninu. Hún er fremur áberandi í landslaginu um það bil 0,2 -0,3 metra há. Umfang þústarinnar er um það bil 30 metrar norðvestur-suðaustur og um 7 metrar norðaustur – suðvestur. Ekki er vitað enn hvort þúst þessi sé gerð af mannahöndum eða er náttúruleg. Hæð þessi er skorin af jarðvegraski við Karlseyjarveg eða framkvæmdir austan hans.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 13. Mishæð í túni Reykhóla, BA-029-055. Horft til norðvesturs.

BA-029:056 GARÐLAG ÓÞEKKT

331552, 553993

Í túninu, um það bil 50 metra norðvestur af dvalarheimilinu, rétt um 2 metrum vestan við nyrsta hluta tóftar BA-029:054 er garðlag í sléttu túninu. Það er áberandi í landslaginu þó það sé mjög sigið, um það bil 0,1-0,2 metrar á hæð og breidd þess eru um 3,5 metrar. Lengd garðlagsins er um 28 metrar og virðist ekki ná alveg að Karlseyjarvegi og engin merki þess sjást vestan vegarins né austan fjárhústóftar. Hjörtur Þórarinnsson (f.1927) man eftir garðlaginu og öðru til sem gæti verið þústin 055 og þá einnig hringlaga túngarði eða tóft norðar. Þess sjást ekki merki á svæðinu núna. Tómas Sigurgeirsson bóndi á Mávavatni (f. 1956) hafði eftir ömmu sinni Steinunni (móður Hjartar) sem fyrst kom til Reykhóla 1920 að glímt hefði verið norðan við garð þennan og að annað garðlag hefði verið norðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 14 Garðlag BA-029:056, horft til vesturs. Trjáplönturnar eru við norðurhlíð garðsins.

6 NIÐURSTÖÐUR

Þrír staðir voru skráðir á þessu afmarkaða svæði í norðurtúni Reykhóla. Tveir staðanna eru örugglega mannvirki, BA-029:054 og BA-029:056 en óvíst er hvers eðlis þriðji staðurinn er, BA-029:055, og þyrfti rannsókn til að skera úr um það. Stærsta mannvirkið og það sem er mest áberandi í túninu, 054, er af svolítið sérstakri fjárhústóft, þar sem fjárhúsin eru sitt hvoru megin við hlöðu og ef til vill er önnur hlaða við endann. Dæmi eru um aðra fjárhúsbyggingu með slíku byggingarlagi í Reykhólatúni á Bogavelli, Bogavallarhús, þar sem garðafjánhús voru við sitthvorn enda hlöðu.⁹ Fjárhústóftirnar 054 norðan við Dvalarheimilið voru rannsakað nánar með könnunarskurðum en engir gripir komu í ljós sem sem hjálpa til við aldursgreiningu né nokkur eldsmerki sem gætu bent til að þarna hefði verið mannabústaður. Hús þessi eru ekki merkt inn á túnakort Reykhóla frá 1920¹⁰ og Hjörtur Þórarinsson sem kom til Reykhóla 1939 heyrði talað um þessar tóftir sem Maríutóttir og hafði það eftir móður sinn, Steinunni Hjálmarsdóttur sem fyrst kom til Reykhóla árið 1920. Ekki heyrði hann frekari sagnir um tóft þessa.¹¹ Af þessu má ráða að útihúsin hafi verið fallin úr notkun áður en túnakortið var gert 1920 og því ekki mæld þar inn. Hinsvegar er til lýsing Bjarna Þórðarsonar bónda á Reykhólum frá 1905 á jörðinni. Þar segir hann frá hlunnindum og afar reisulegum húsakosti þ.m.t. þremur heyllöðum á jörðinni en staðsetur þær ekki og fer sú lýsing hér á eftir.¹² Mál eru í alinum en dönsk alin er 62,7 cm. Ekki er ólíklegt að ein þessara bygginga sé nú tóft norðan Dvalarheimilisins:

Stærsta hlaðan er 40 al. á lengd 9 al. á breidd og hæðin 5 al. undir bita, en 91/2 al. upp í mæni; öðru megin við hana eru 4 fjárhús, hvert yfir 50 kindur með 3 al. stoðum af bálki undir hliðarása. Fjós er og í sömu röðinni jafnlangt húsunum. Hinu megin við hlöðuna á móti er smíðahús með standpili með 3 gluggum á framstafni; við hliðina á smíðjunni er hesthús yfir 16 hesta, tvídyrað með stórum glugga í stafni; við hliðina á hesthúsinu er 40 kinda fjárhús, öll þessi hús jafnlöng. Gaflarnir á hlöðunni eru úr timbri og 3 gluggar á hvorum gafli. (dönsk alin er 62,7 cm svo málin eru um 26x6 metrar á lengd og breidd og hæð um 3 metrar).

Önnur hlaðan er með timburgafli; hún er 21 al. á lengd. 61/2 al. á breidd hæðin er 5 al. undir bita. 8 al upp í mæni; við hana eru 3 fjárhús. hvert yfir 60 kindur, öll tvídyruð og öll með 3 al. stoðum undir sillu og öll með stórum glugga á stafni: fram undan húsadyrunum er matjurtagarður, sem hafður er til að reka fje í a haustin, og tekur hann um 1000 fjár.

Þriðja hlaðan er 13 al. löng, 7 al. breið, 5 al. á hæð undir bita, en 81/2 al. upp í mæni; við hana eru tvö fjárhús, sem taka 100 fjár. Auk þess er hús yfir 70 kindur og hesthúskofi á Grundartúninu...

⁹ Hjörtur Þórarinsson, munnleg heimild.

¹⁰ Túnakort Reykhóla 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

¹¹ Hjörtur Þórarinsson, munnleg heimild.

¹² Bjarni Þórðarson. 1905. *Lýsing á jörðinni Reykhólum*, 12-13.

Tóftin 054 er mjög skýr og byggingarlagið þekkt á garðafjórðum frá 19. og 20. öld.¹³ Þá er lýsing Bjarna á útihúsum sínum mjög lík því sem lag tóftarinnar sýnir, mörg hús sambyggð. Að líkindum er þetta mannvirki frá búskapartíð Bjarna Þórðarsonar sem bjó á Reykhólum á árunum 1869-1899 og rak þar geysistört bú¹⁴ en fallið úr notkun fyrir 1920.

¹³ Birna Lárusdóttir. 2011. Mannvist, 115-117.

¹⁴ Jón ?? 153, 157

7 HEIMILDASKRÁ

Alta ehf: www.alta.is. Ljósmyndari Árni Geirsson. Skoðað í ágúst 2016, slóðin

er: <http://loftmyndir.alta.is/?m=39456b1a54aaf0aca4b23c7ce43a74f4>

Atlaskort: LMI-Kort-1911-4-31. Landmælingar Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2011. Mannvist – Sýnisbók íslenskra fornleifa. Reykjavík, Opna.

Bjarni Þórðarson. 1905. *Lýsing á jörðinni Reykhólum*. Reykjavík.

DI XII: *Diplomatarium Islandicum/ Íslenskt fornbréfasafn XII*. 1923-1932. Kaupmannahöfn, Hið Íslenska bókmenntafélag, 12

Hjörtur Þórarinnsson frá Reykhólum, nú búsettur á Selfossi, f. 1927. Munnleg heimild í ágúst 2016.

ÍF VI: *Íslensk fornrit VI*. Vestfirðinga sögur. Gísla saga Súrssonar, Fóstbræðra saga, Þáttr Þormóðar, Hávarðar saga Ísfirðings, Auðunar þáttr vestfirzka, Þorvarðar þáttr Krákunefs. 1943. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag. 124.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 15. júlí 2016 MÍ 201607-0039/6.01/E.í.

Tómas Sigurgeirsson, bóndi á Mávatúni (Reykhólum), (f.1956). Munnleg heimild í ágúst 2016.

Túnakort Reykhóla 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vefur Reykhólahrepps: reykholar.is, skoðað í ágúst 2016, slóðin

er: http://www.reykholar.is/frettir/Minningarmot_Birnu_E_Norddahl_a_Reykholum/